

**150. löggjafarþing 2019–2020.**

## **Skýrsla**

**Kristján Þór Júlíussonar, samstarfsráðherra Norðurlanda,  
um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2017.**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda .....	4
Samstarfsráðherrar Norðurlanda .....	5
Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt.....	7
Atvinnu-, orku- og byggðastefna .....	9
Stafræn væðing .....	11
Umhverfismál .....	12
Menntamál og rannsóknir .....	14
Menningarmál .....	15
Félags- og heilbrigðismál.....	17
Jafnréttismál.....	21
Vinnumál.....	22
Löggjafarsamstarf .....	24
Efnahags- og fjármálastefna.....	25
Fylgiskjal I: Uppbygging norræns samstarfs .....	26
Fylgiskjal II: Skammstafanir.....	28

## Inngangur

Í skýrslu þessari gerir samstarfsráðherra grein fyrir því helsta sem unnið var að á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2017. Kristján Þór Júlíusson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, gegndi embætti samstarfsráðherra Norðurlanda stærstan hluta ársins. Hinn 1. desember 2017 tók Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í nýrri ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur, við embættinu.

Noregur tók við formennsku af Finnlandi í Norrænu ráðherranefndinni í byrjun árs 2017. Í formennskuáætlun Noregs var lögð áhersla á „Norðurlönd á tímum breytinga, Norðurlönd í heiminum og Norðurlönd í Evrópu“. Yfirskriftin „Norðurlönd á tímum breytinga“ vísaði til mikilvægis þess að gæta þarf að samkeppnishæfni svæðisins þegar örar breytingar eru að verða á alþjóðavettvangi. Þannig eigi norrænt samstarf meðal annars að styðja við græn umskipti í efnahagslífinu og stuðla að því að ríkin uppfylli skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og varðandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. „Norðurlönd í heiminum“ vísar meðal annars til mikilvægis norrænnar samvinnu á alþjóðavettvangi þar sem standa þarf vörð um mannréttindi og gæta að regluverki utan um alþjóðaviðskipti og umhverfismál. Yfirskriftin „Norðurlönd og Evrópa“ vísar til norrænnar samvinnu á vettvangi Evrópusamstarfsins. Þá var lögð áhersla á afnám stjórnsýsluhindrana þannig að íbúar Norðurlandanna geti hindrunarlítið ferðast, stundað nám, starfað og stofnað fyrirtæki í öðrum norrænum ríkjum. Loks var í formennskuáætlun Noregs lögð mikil áhersla á stafræna væðingu, þ.e. að Norðurlöndin nýti sér kosti rafrænnar stjórnsýslu og viðskipta með því að allt grunnvirki er lýtur að stafrænni þróun sé sem best úr garði gert. Þannig var stafræn væðing ein af megináherslum samstarfsáætlunar norrænna atvinnuvegaráðherra sem samþykkt var á árinu 2017 og gildir fyrir árin 2018–2021.

Formennskuáætlun hverju sinni hefur töluvert að segja um þær áherslur sem fylgt er í norrænu samstarfi en að öðru leyti fylgja fagsvið norræns samstarfs yfirleitt samstarfs- og framkvæmdaáætlunum sem gilda nokkur ár í senn, venjulega í þrjú til fjögur ár, og eru þær síðan endurskoðaðar og uppfærðar í lok tímabils. Engu að síður er norrænt samstarf um leið sveigjanlegt og hefur á liðnum árum verið lögð áhersla á að Norræna ráðherranefndin hafi tök á því að bregðast hratt við atburðum og þróun mála innan og utan Norðurlandanna. Þannig hverfist norrænt samstarf um þau málefni sem efst eru á baugi og helst brenna á íbúum Norðurlanda á hverjum tíma.

Haustið 2017 létu Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð gera könnun meðal íbúa Norðurlandanna á viðhorfum þeirra til norræns samstarfs. Þar kom fram að afar mikill stuðningur er við samstarfið. Yfir 90% íbúanna telur það annað hvort mikilvægt eða mjög mikilvægt. Samkvæmt könnuninni voru tæp 70% svarenda þeirrar skoðunar að auka ætti norrænt samstarf í ljósi alþjóðlegrar þróunar, ekki síst vaxandi óöryggis og margvíslegrar viðsjár. Flestir telja mikilvægast að samstarfið taki til öryggis- og varnarmála, því næst koma mennta-, heilbrigðis- og félagsmál og loftslags- og umhverfismál. Á sama tíma fer eftirspurn vaxandi á alþjóðavettvangi eftir norrænum lausnum t.d. á sviði jafnréttismála og loftslagsmála. Norðurlöndin eru eftir sem áður ofarlega á alþjóðlegum listum sem mæla hamingju og velferð, lýðræði og réttarríkið, og nýsköpun.

Á árinu 2017 var haldið áfram vinnu, samkvæmt áætlun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, um að efla sameiginlega landkynningu Norðurlanda með það að markmiði að gera löndin betur samkeppnishæf í hnattvæddum heimi. Gildi þessarar aðferðafræði er talið vera sérstaklega mikið þegar um er að ræða fjarlægja markaði, t.d. í Asíu og á Indlandi, þar

sem hugmyndir um hvert norrænt ríki fyrir sig eru fremur óljósar en Norðurlöndunum sem heild er auðveldara að koma á framfæri. Á fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2017 var veitt um 11 milljónum danskra króna til þessa verkefnis sem kostaði meðal annars kynningarstarf sem bar yfirskriftina „The Nordics“.

Sú skýrsla samstarfsráðherra Norðurlandanna sem hér liggur fyrir inniheldur yfirlit um helstu málefni sem voru til umfjöllunar á norrænum vettvangi á árinu 2017. Hún er ekki tæmandi fyrir öll verkefni sem unnið var að á árinu. Norrænt samstarf innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar fer fram í samtals ellefu ráðherranefndum, auk einnar tímabundinnar nefndar um stafræna væðingu sem komið var á fót á árinu. Þær upplýsingar sem hér fara á eftir eru að mestu fengnar frá fulltrúum Íslands í þeim norrænu embættismannanefndum sem starfa með ráðherraráðunum.

Nánari upplýsingar um norrænt samstarf má finna á vefsíðu Norrænu ráðherra-nefndarinnar í Kaupmannahöfn þar sem einnig er að finna tengingar á vefsíður norrænna stofnana.

## Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Sumarfundur forsætisráðherra Norðurlanda var haldinn dagana 29.–30. maí í Bergen í Noregi og var Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, gestgjafi fundarins. Tekin voru til umfjöllunar norræn málefni og samstarf, svo og ýmis alþjóða- og öryggismál. Mikilvægi baráttunnar gegn hryðjuverkum og öfgasamtökum var ofarlega í hugum forsætisráðherranna. Þá var rætt um leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins (NATO) en hann var haldinn í Brussel nokkrum dögum áður. Samstarf Norðurlandanna og Kína var til umræðu, svo og staða mála í ýmsum löndum, m.a. í Rússlandi, Úkraínu og Sýrlandi. Þá var rætt um samstarf Norðurlandanna á sviði umhverfis- og loftslagsmála og upplýsingatækni og ákveðið að stofna til sérstakrar ráðherranefndar um stafræna væðingu. Einnig var útganga Bretlands úr Evrópusambandinu (Brexit) til umfjöllunar. Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, leiddi umræðu um svæðisbundið samstarf og beindi umræðunni aðallega að málefnum norðurslóða, Norðurskautsráðinu og Eystrasaltsráðinu. Forsætisráðherrar Norðurlandanna ræddu þar að auki samvinnu landanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið „Norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum“ var kynnt. Það inniheldur sex megináðgerðir sem bera eftirfarandi yfirskriftir: Græn Norðurlönd, Norræn jafnréttisáhrif og Norrænn matur og velferð.

Forsætisráðherrarnir áttu auk þess fund með forseta Norðurlandaráðs og framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem meðal annars var fjallað um norræna samvinnu í tengslum við stafræna tækni, loftslagsmál, framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og verkefnið sem forsætisráðherrarnir hleyptu af stokkunum fyrir um daginn (norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum). Þá sendu forsætisráðherrarnir sameiginlegt bréf til Donald J. Trump Bandaríkjaforseta þar sem hann var hvattur til að standa við Parísarsamkomulagið í loftslagsmálum sem leiðtogar heims sameinuðust um í París í desember árið 2015. Í bréfinu var lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og var forsetinn hvattur til að vera leiðandi í þeirri vegferð.

Í tengslum við sumarfund forsætisráðherra Norðurlanda átti Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, tvíhliða fundi með öllum forsætisráðherrum Norðurlanda, Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, Juha Sipilä, forsætisráðherra Finnlands, Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, og Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar. Á fundunum var skipst á upplýsingum um stöðu efnahagsmála, vinnumarkaðsmál, málefni er

tengjast ferðaþjónustu, auk málefna innflytjenda og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá var útganga Bretlands úr Evrópusambandinu rædd, svo og fyrrnefndur leiðtogafundur NATO sem haldinn var í Brussel.

Finnland gegndi á árinu formennsku í Norðurlandaráði og því var 69. þing ráðsins haldið í Helsinki 31. október til 2. nóvember. Þáverandi forsætisráðherra átti ekki heimangengt og sótti Kristján Þór Júlíusson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda, fundi forsætisráðherra á þingi Norðurlandaráðs.

Í þemaumræðum forsætisráðherranna og formanna heimastjórna um efnið „Norðurlönd sem samþættasta svæði heims“, lagði staðgengill forsætisráðherra áherslu á sterkar stoðir samstarfs Norðurlanda, byggða á sameiginlegri sögu og menningararfí, sem og vináttu og samkennd ríkjanna og gagnkvæmt traust. Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, kynnti formennskuáætlun Svíþjóðar í samstarfi Norðurlandanna á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2018.

Á fundinum voru meðal annars til umræðu Norðurlöndin og G20-ríkin annars vegar og Kína hins vegar. Einnig voru málefni Evrópu rædd, einkum úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu. Þá voru til umræðu margvíslegar áskoranir í öryggis- og varnarmálum sem varða aðgerðir gegn öfgahyggju. Rætt var um svæðisbundna samvinnu og samkeppnishæfni Norðurlanda á tímum umskipta til grænna samfélaga. Í umræðum um umhverfis- og loftslagsmál var lögð sérstök áhersla á mikilvægi framkvæmdar Parísarsamkomulagsins. Þá ræddu forsætisráðherrarnir einnig jafnréttismál og þá vakningu sem orðið hefur í umræðu og umfjöllun um ofbeldi gegn konum. Í tilefni af 100 ára sjálfstæðisafmæli Finnlands undirrituðu forsætisráðherrarnir sameiginlegar hamingjuóskir til Finnlands.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna funduðu einnig með leiðtogum Grænlands, Færeyja og Álandseyja, ásamt forseta Norðurlandaráðs og framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar. Fjallað var um formennsku Noregs á árinu 2017 í samstarfi Norðurlandanna á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar, svo og formennskuáætlun Svíþjóðar fyrir árið 2018.

Þá funduðu forsætisráðherrar Norðurlandanna með starfssystkinum sínum frá Eystrasaltsríkjunum innan vébanda NB8-samvinnunnar þar sem rætt var um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, Evrópumál og úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu, samskiptin við Bandaríkin, umhverfis-, loftslags- og orkumál, öryggismál, svo og málefni Sameinuðu þjóðanna.

Forsætisráðherrar Norðurlanda funduðu með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og fjölluðu m.a. um stjórnsýsluhindranir, svo og norrænt samstarf og Evrópusambandið.

## Samstarfsráðherrar Norðurlanda

Samstarfsráðherrar Norðurlanda bera ábyrgð á fjárveitingum til Norrænu ráðherranefndarinnar og fara með samræmingarhlutverk í öllu starfi, auk þess að fara með tiltekna málaflokka eins og afnám stjórnsýsluhindrana og alþjóðlegt samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Frank Bakke Jensen, samstarfsráðherra Norðurlanda í ríkisstjórn Noregs, gegndi formennsku í ráði norrænna samstarfsráðherra (MR-SAM) á árinu.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu nýja samstarfsáætlun um málefni norðurslóða og gildir hún fyrir árin 2018–2021. Í áætluninni er megináherslan lögð á sjálfbæra þróun og hvernig Norræna ráðherranefndin geti stutt við aðgerðir og verkefni á norðurslóðum, ekki síst

undir hatti Norðurskautsráðsins. Áætlunin beinist meðal annars að loftslagsbreytingum en tekur einnig til samfélagslegra aðstæðna íbúa á norðurlóðum og hefur efnahagsþróun, nýsköpun og menntun að leiðarljósi. Norðurlóðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar styður einnig við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdaáætlunina til ársins 2030 (Agenda 2030).

Málefni stafrænnar væðingar voru áberandi á árinu 2017. Ráðherrar frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum sem bera ábyrgð á málaflokknum hittust í fyrsta skipti á ráðstefnunni „Digital North“ í apríl 2017 og samþykktu samstarfsyfirlýsingu ríkjanna. Hún kveður á um að NB8-ríkin, Eistland, Lettland og Litháen ásamt með Norðurlöndunum, eigi að vera leiðandi í stafrænni væðingu í Evrópu, styrkja efnahagslega stöðu og skapa störf. Sett var fram markmiðið um rafræn skilríki fyrir íbúa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (E-ID) sem geri þeim auðveldara að nýta þjónustu þvert á landamæri og í öðrum ríkjum á svæðinu en sínum eigin. Í framhaldi af samstarfsyfirlýsingunni ákváðu svo forsætisráðherrar Norðurlandanna að setja á fót tímabundið ráðherraráð um stafræna væðingu (ad-hoc MR-Digital) til að þetta enn frekar samvinnuna á þessu sviði og vinna að markmiðum yfirlýsingarinnar.

Verkefninu „Norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum“ var hleypt af stokkunum að frumkvæði norrænna forsætisráðherra en framkvæmd þess fellur undir samstarfsráðherrana. Um er að ræða kynningarverkefni þar sem sjónum er beint að loftslagsmálum, jafnréttismálum, matvælum og velferð undir yfirskriftunum „græn Norðurlönd“, „norræn jafnréttisáhrif“ og „norrænn matur og velferð“. Markmið verkefnisins er að kynna alþjóðlega norrænar lausnir og sérþekkingu á þessum sviðum og þannig styðja við tilfærslu á þekkingu og eftir atvikum útflutning frá Norðurlöndunum, um leið og sameiginleg ímynd Norðurlandanna er styrkt og henni komið á framfæri með markvissum hætti. Þetta verkefni hefur einnig verið kallað forsætisráðherrafrumkvæðið.

Verkefnið „Generation 2030“ hófst sömuleiðis á árinu 2017. Markmið þess er að styðja við framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna (Agenda 2030) um sjálfbæra þróun og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, einkum á þeim sviðum þar sem Norðurlöndin þurfa að bæta sig. Af þeim sökum var ákveðið að með verkefninu yrði beint sjónum að sjálfbærri framleiðslu og neyslu, í samræmi við heimsmarkmið 12, og auka norræna samvinnu á því sviði. Ungt fólk er helsti markhópurinn í samvinnunni sem drifkraftur breytinga til framtíðar, en einnig frjáls félagasamtök og fyrirtæki. Markmiðið er að byggja upp og deila þekkingu milli Norðurlanda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og það hvernig framleiðsla og neysla getur verið sjálfbær, og flétta þá áherslu inn í störf Norrænu ráðherranefndarinnar.

Margt annað var á borði samstarfsráðherranna á árinu, þ.m.t. undirbúningur að fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2018 og samningar við Norðurlandaráð þar að lúandi. Ákveðið var að hefja vinnu við að meta hvort og þá hvernig efla megi löggjafarsamstarf Norðurlandanna og var norska lagaprófessornum Inge Backer Lorange falið það verkefni. Þá hófst á seinni hluta ársins undirbúningur af Íslands hálfu fyrir formennsku og formennskuverkefni á árinu 2019.

Á fundi samstarfsráðherranna sem haldinn var í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október, og Kristján Þór Júlíusson samstarfsráðherra sótti, var einkum rætt um stöðu Norðurlandanna í alþjóðlegu samstarfi, um umskiptin til grænna samfélags og um stjórnsýsluhindranir.

*Norræna stjórnsýsluhindranaráðið (Gränshinderrádet).*

Tugþúsundir manna sækja daglega vinnu yfir landamæri milli Norðurlandanna, fjöldi flytur milli landanna á hverju ári til langdvalar, og margir stunda nám um skeið í öðru norrænu

landi. Norræn fyrirtæki vinna í vaxandi mæli þvert á landamæri. Þessi miklu samskipti og flutningar hafa leitt í ljós stjórnsýsluhindranir þar sem löggjöf eða framkvæmd reglna milli landa stangast á með tilheyrandi vanda fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Meginverkefni Norræna stjórnsýsluhindranaráðsins er að hafa uppi á stjórnsýsluhindrunum, koma með tillögur að lausn þeirra, benda á leiðir til að koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að benda á hvar bæta megi upplýsingaflæði til borgaranna vegna hindrana sem ekki er unnt að leysa. Ekki er unnt að leysa allar hindranir þar sem löggjöf landanna getur verið ólík og stundum skortir vilja til að breyta löggjöf eða framkvæmd reglna heima fyrir. Ráðið sjálf afnemur ekki hindranir heldur þrýstir á um lausn þeirra. Árangurinn er ávallt háður áhuga og getu þingmanna, ráðherra og embættismanna til að breyta löggjöf eða breyta framkvæmd reglna, eftir því sem við á hverju sinni.

Mikil áhersla var á árinu á áframhaldandi starf Norræna landamærahindranaráðsins en nafni þess var á árinu breytt í Norræna stjórnsýsluhindranaráðið. Umboð starfsins var endurskoðað og styrkt og ráðinu er falið að þrýsta áfram á um pólitískar aðgerðir til að tryggja að íbúar Norðurlandanna geti búið, starfað og stundað nám hindranalaust á öllu svæðinu. Það tengist meðal annars markmiði forsætisráðherra Norðurlandanna að Norðurlöndin verði mest samþætta svæði í heimi. Ráðið er skipað fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum, þ.m.t. Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi, og hefur það hlutverk að vinna að afnámi þeirri stjórnsýsluhindrana sem koma í veg fyrir að Norðurlöndin séu sem heimavöllur fyrir alla íbúa svæðisins. Vel gekk á árinu 2017 að afnema hindranir en alls voru átta hindranir afgreiddar, þar af voru sex leystar en tvær afskrifaðar. Samtals hefur því Norræna stjórnsýsluhindranaráðið í lok árs 2017 afgreitt 36 hindranir frá stofnun árið 2014, þar af leyst 27 og afskrifað níu. Fyrir liggur gagnagrunnur með lista yfir hindranir sem þegar eru leystar, hindranir sem unnið er að því að afnema eða sem bíða úrlausnar. Í ársskýrslu ráðsins á netinu má finna yfirlit yfir þær hindranir sem ráðið vann að á árinu.

## **Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt**

### *Fiskveiðar og fiskeldi.*

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegsráðherranna stóð embættismannanefndin um sjávarútveg og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu 2017 og studdi við og hleypti af stokkunum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu vinnuhóps sérfræðinga (AG-Fisk) um fiskveiðar eins og venja er fyrir. Þess má sérstaklega geta að samkvæmt tillögu Noregs veitti nefndin stuðning til baráttunnar gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi sem tengist fiskveiðum og er ráðgert að fjórða reglulega alþjóðlega málþingið um málefnið (FishCrime), verði haldið í Kaupmannahöfn í október 2018. Þá má geta þess að nefndin veitti á árinu stuðning til verkefna sem ætlað er að rannsaka samfélagsleg áhrif aflamarksskipulags í fiskveiðum.

Þá hefur nefndin meðal annars rætt hvernig stuðla megi að rannsóknum á áhrifum örplasts á sjávarlífverur í samstarfi við umhverfisnefnd ráðherranefndarinnar, en þess má geta að í apríl heimsóttu fulltrúar í nefndinni rannsóknarstöð Norsku Hafrannsóknarstofnunarinnar í Austevoll í Hörðalandi í Noregi þar sem stundaðar eru slíkar rannsóknir.

Að lokum má geta þess að fulltrúar í nefndinni, ásamt fulltrúum frá norrænum rannsóknarsjóðum, hafa rætt sín á milli um hvort og með hvaða hætti komi til greina að halda áfram að styðja sérstaklega nýsköpun og rannsóknir á sviði fiskiðnaðar. Árið 2017 lauk síðari hluta nýsköpunaráætlunarinnar „Nordic Marine Innovation“, sem hófst að frumkvæði Íslands og

Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar árið 2014 þegar Ísland gegndi síðast formennsku í Norrænu ráðherranefndinni.

#### *Landbúnaður og skógrækt.*

Fyrir hönd norrænu landbúnaðarráðherranna hafa embættismannanefndir þurft að ræða nokkur mikilvæg mál. Þar má helst nefna starfsemi Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar (NordGen) sem tekur um það bil helming ráðstöfunarfjár málaflokksins um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (FJLS). Starfsemi NordGen hefur vaxið út fyrir fjárheimildir og starf nefnda hefur því beinst að því að finna leiðir til að stofnunin sé innan ramma heimilda samhliða því að hún haldi faglegum staðli. Starf NordGen er Íslendingum mikilvægt, enda engin sambærileg starfsemi hér á landi. Á ráðherrafundi í Álasundi í Noregi í júní 2017 var umræðan um sýklalyfjapol/sýklalyfjaónæmi í forgrunni. Ísland er almennt skrefi á eftir nágrönnum sínum í stefnumótun í þessum málaflökki en staðan er samt ánægjuleg hvað varðar notkun í landbúnaði, sem má þakka lyfjastefnu Dýralæknafélags Íslands.

Samstarf á vegum skógræktardeildarinnar byggðist að miklu leyti á starfinu innan norrænu skógræktarrannsóknanna (SamNordisk-Skogsforskning, SNS) en á vegum SNS eru fjölmörg samstarfsverkefni í gangi með virkri þátttöku íslenskra sérfræðinga. Jafnframt var unnið að því að ljúka verkefnum sem tengdust formennskuáætlun Íslands um lífhagkerfið (Nordbio) 2014–2016.

#### *Matvæli.*

Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði var til umræðu á vegum ráðherranefndarinnar um málefni matvæla (EK-FJLS, Livsmedel) á árinu 2017. Tilgangur umræðunnar var að fara yfir þau markmið sem sett hafa verið um bætt mataræði á Norðurlöndum en einnig um hreyfingu og þróun ofþyngdar, sem eru hluti af framkvæmdaáætluninni. Skýrsla sem lögð var fram sýnir neikvæða þróun og er mikilvægt að fylgja verkefninu vel eftir.

Áfram var lögð áhersla á norrænt samstarf vegna lyfjaónæmis og sett fram markmið sem taka mið af því að draga úr sýklalyfjanotkun og auka fræðslu til almennings og þeirra sem eru ábyrgir fyrir lyfjanotkun, bæði fyrir menn og dýr. Tveir norrænir hópar eru nú starfandi á þessu sviði, annar við stefnumótun og hinn skipaður sérfræðingum á þessu sviði.

Á árinu var haldin ráðstefna í Noregi til að greina frá helstu niðurstöðum úr norrænu samstarfi á sviði matarsóunar. Að venju var einnig haldin eftirlitsráðstefna, að þessu sinni í Finnlandi, þar sem fjallað var um nýjar hættur er varðar matvælaeftirlit og hvort yfirvöld náí að bregðast við og þá einnig með tilliti til villandi eða sviksamlegrar starfsemi.

Norræna lífhagkerfið (NordBio) var umfangsmesta formennskuverkefni Íslands árið 2014 og var þetta verkefni áfram til umræðu. Ráðherranefndin um matvæli hafði þetta verkefni til umfjöllunar með tilliti til þess að leggja fram hugmyndir um frekara starf á komandi árum. Þá var fjallað um hugmyndir að verkefni um vistvæna matvælaframleiðslu út frá norrænum gildum, sem gæti hafist á árinu 2018.

Ráðherranefndin um matvæli starfar einnig að stefnumótun vegna löggjafar og eftirlits. Á þeim vettvangi var rætt um þátttöku norrænna ríkja í alþjóðlegu samstarfi þar sem unnið er að mótun löggjafar á sviði matvæla, dýraheilsu og plöntuheilbrigðis. Í samanburði við önnur norræn ríki er þátttaka Íslands á þessum vettvangi mjög takmörkuð. Einnig var ráðstefna og umræður um áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja til að ákvarða eftirlitstíðni og forgangsraða verkefnum á tímum þegar samdráttur er í fjárveitingum til opinberra eftirlitsstofnana.



## Atvinnu-, orku- og byggðastefna

### *Atvinnustefna.*

Embættismannanefndin um atvinnumál (EK-N) hélt fimm fundi á árinu 2017 auk þess sem ráðherrafundur var haldinn í Bergen í Noregi 16. maí. Ný norræn samstarfsáætlun um atvinnumál og nýsköpun fyrir árin 2018–2021 var til umfjöllunar á öllum fundum. Nefndin samþykkti áætlunina á fundi í Helsinki í nóvember.

Ferðaþjónusta var mjög til umfjöllunar á árinu 2017 í kjölfar samþykktar ráðherrafundar í Helsinki í nóvember 2016 þar sem samþykkt var að ferðaþjónustan yrði eitt af samstarfsverkefnum í norrænu samstarfi á sviði atvinnumála. Settur var á stofn ráðgjafarhópur sem í eiga sæti fulltrúar lykilstofnana sem fjalla um ferðaþjónustu í löndunum. Ráðgjafarhópnum er ætlað að vera EK-N til ráðgjafar um framtíðarstefnumótun og samstarf norrænnar ferðaþjónustu. Ísland gegnir formennsku í ráðgjafarhópnum en fulltrúar Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöðvar sitja í hópnum.

EK-N samþykkti á fundi í nóvember umsókn frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að tillögu ráðgjafarhópsins um að vinna samnorræna greiningu á stefnum og stofnanaumhverfi ferðaþjónustu á Norðurlöndunum. Vinnan mun undirbyggja framtíðarstefnumótun og samstarfsgrundvöll. Gert er ráð fyrir að vinnunni ljúki haustið 2018.

EK-N átti tvo sameiginlega fundi með stjórn Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar auk þess sem nefndin fundaði með fulltrúum Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (NOPEF), Norræna fjármögnunarfélagsins (NEFCO) og Norræna Fjárfestingabankans (NIB) í tengslum við nefndarfund í Helsinki. Nefndin leggur áherslu á meira og nánara samtal við þær samnorrænu stofnanir sem koma að atvinnumálum. Þá var einnig fjallað um upplýsingatækni og fjórðu iðnbyltinguna og mun nefndin á árinu 2018 eiga samtöl við þá sem um þau mál fjalla undir MR-Digital ráðherranefndinni. Þá er ráðgert að funda sameiginlega með embættismannanefndinni um byggðastefnu (EK-R) til að ræða atvinnumál og nýsköpun í byggðalegu tilliti.

### *Byggðastefna.*

Ný norræn samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál fyrir tímabilið 2017–2020 kom til framkvæmdar. Samkvæmt henni voru skipaðir þrjú þemahópar til að fást við eftirtalin viðfangsefni:

- Sjálfbær þróun í dreifbýli.
- Nýsköpunarsinnaðar og sterkar byggðir.
- Sjálfbærar borgir og borgarþróun.

Í hópnum sitja fulltrúar allra Norðurlandanna. Starfstími þeirra er hinn sami og samstarfsáætlunarinnar og eru þeir í raun framhald starfshópa síðustu samstarfsáætlunar. Norræna rannsóknarstofnunin á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio) heldur utan um starf hópanna og veitir þeim faglega aðstoð.

Skýrsla um stöðu norrænnar svæðapróunar er unnin annað hvert ár og kemur ný skýrsla út í febrúar 2018 undir heitinu „State of the Nordic Region 2018“. Skýrslan beinist að lýðfræðilegum breytingum, vinnumarkaðsmálum, menntamálum, efnahagsmálum og þróun í aðgengi í löndunum og varpar ljósi á stöðu Íslands í norrænu samhengi. Stærstur hluti hennar er settur fram á myndrænan hátt á kortum. Skýrslan inniheldur svokallaðan svæðisbundinn sóknarfærastuðul (Regional Potential Index RPI) sem varpar ljósi á styrkleika og veikleika 74 norrænna landshluta í samanburði hver við annan og sýnir hvaða landshlutar eru með mesta möguleika

til framtíðarþróunar. Einnig eru þau svæði auðkennd sem þarfnast aðstoðar og sértækra aðgerða. Stuðullinn er mikilvægt verkfæri fyrir stefnumótun stjórnvalda og veitir innsýn í styrkleika og veikleika landsvæða. Að ósk framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar hefur þeim málaflokkum sem fjallað er um verið fjölgað og á því skýrslan að nýtast enn fleirum en áður.

*NAUST-verkefnið (Nordatlantisk utvirkingsstrategi).*

Í formennskutíð Íslendinga 2014 var ákveðið að setja á stofn verkefni um þróun vestnorræna svæðisins, þ.e. svæðisins frá Grænlandi til Íslands og Færeyja, en verkefnið var byggt á skýrslu sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hafði gert um ástand og stöðu vestnorræna svæðisins, sem og strandsvæðanna í Vestur-Noregi (Territorial Review of the NORA region).

Var Norræna Atlantssamstarfinu (NORA) falið að sjá um framkvæmd þess. Á grunni nýrrar verkefnalýsingar fékk verkefnið heitið NAUST (Nordatlantisk utvirkingsstrategi) og nær einnig til norður- og vesturhluta Noregs. Sérstök áhersla hefur verið lögð á atvinnumál, byggðamál og umhverfismál.

Stofnuð var vinnunefnd með fulltrúum Íslands, Grænlands, Færeyja og Noregs en formaður hennar var Höskuldur Þórhallsson. Skrifstofa NORA hélt utan um framkvæmd verkefnisins á árinu 2017.

*Rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála.*

Rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio) er samnorræn rannsóknarstofnun með aðsetur í Stokkhólmi. Hún er leiðandi í rannsóknum á sviði byggðamála og skipulags á Norðurlöndum og í Evrópu. Hjá stofnuninni eru 38,6 stöðugildi, í 23,8 stöðugildum eru konur og í 14,8 stöðugildum eru karlar. Hjá stofnuninni störfuðu tveir Íslendingar á árinu 2017. Á árinu varð stofnunin 20 ára og var þess minnst með fundum þar sem fjallað var um málefni á verkefnasviði hennar.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera hlekkur á milli rannsókna og stefnumótunar, auka þekkingu og hæfni á sviðum sem eru mikilvæg fyrir sjálfbæra byggðapróun og skipulag. Starf stofnunarinnar á að skapa grunn sem stefnumótun um byggðastefnu og skipulagsmál í norrænu samstarfi byggjast á. Þá á stofnunin að vera brú á milli Norðurlanda og Evrópu hvað rannsóknir og stefnumótun varðar á sviði byggða- og skipulagsmála.

Gagnvirka kortavefsjáin, NordMap, sem opnuð var 2016 hefur hlotið verðskuldaða athygli en frá árinu 1997 hefur Nordregio notað kort til að sýna ástand og stöðu félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þátta á Norðurlöndum. Með tilkomu NordMap er upplýsingum miðlað með öðrum og fullkonnari hætti en áður. Kortavefsjáin er m.a. byggð á samburðargögnum um lýðfræði og vinnumarkað og í henni er hægt að bera saman gögn eftir sveitarfélögum og landsvæðum á Norðurlöndum. Sífelld er bætt við kortum með nýjum upplýsingum og eldri kort uppfærð.

Í nóvember var haldin ráðstefna undir fyrirsögninni „Nordregio Forum 2017 – Nordic Cities – Connecting the Urban and the Rural“. Á henni var meðal annars fjallað um þróun lítilla og meðalstórra borga, sagt frá verkefninu „Sjálfbærar norrænar borgir“ sem er hluti af frumkvæði forsætisráðherra Norðurlanda um „Norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum“ og samspili þróunar í dreifbýli og þéttbýli. Þátttakendur voru 160 hvaðanæva af Norðurlöndum og Evrópu.

*Norræna Atlantssamstarfið (NORA).*

NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturluta Noregs og heyrir undir Norrænu ráðherra nefndina. NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins, á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum og á nýsköpun og sjálfbæra þróun, og veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða.

Á árinu 2017 var úthlutað tæplega 3,6 milljónum danskra króna í styrki til 12 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í flestum þeirra.

Á árinu 2017 tók ný starfsáætlun gildi. Hún inniheldur sjö áherslusvið og sérstaka áherslu á ungt fólk.

Í ágúst var haldin tiskusamkeppni á vegum NORA undir heitinu „Blue Fashion Challenge“ en í henni tóku þátt hönnuðir frá öllum Norðurlöndunum. Áhersla var lögð á að nýta hráefni hafsinns undir formerkjum bláa lífhagkerfisins.

## Stafræn væðing

Um mitt ár 2017 ákváðu samstarfsráðherrar Norðurlandanna (MR-SAM), í samræmi við fyrri ákvörðun norrænna forsætisráðherra, að koma á fót sveigjanlegri og tímabundinni norrænni ráðherra nefnd um stafræn málefni fyrir tímabilið 2017–2020 undir heitinu MR-DIGITAL. Nefndinni er ætlað að vinna að framgangi sameiginlegra stefnumiða um stafræna þróun sem ráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna settu fram og staðfestu með undirritun í apríl 2017.

Í MR-DIGITAL situr einn ráðherra frá hverju landi, þar á meðal frá Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Eystrasaltsríkin eru ekki formlegir aðilar að nefndinni en boðið til þátttöku sem nánir samstarfsaðilar í sameiginlegum verkefnum og verður þeim mögulega falið að leiða einstök verkefni. Áætlað er að MR-DIGITAL haldi einn til tvo fundi á ári. Fyrsti fundur nefndarinnar var í Ósló í desember 2017 og var hann sóttur af fulltrúum fjármálaráðuneytisins.

Í starfslýsingu MR-DIGITAL kemur fram að nefndin skuli vera í nánú samstarfi við aðrar norrænar ráðherra nefndir, svo sem norrænu ráðherra nefndina um sjálfbæran hagvöxt (MR-VÆKST), norrænu ráðherra nefndina um vinnumál (MR-A), norrænu ráðherra nefndina um félags- og heilbrigðismál (MR-S) og norrænu ráðherra nefndina um menntamál og rannsóknir (MR-U), og hafa samráð við þær um aðgerðir sem kunna að skarast.

Til að undirbúa ráðherrafundi og hafa eftirfylgni með framgangi undirritaðra stefnumiða frá því í apríl 2017 skipar hvert land einn tengilið. Tengiliðahópurinn kallast HNG-DIGITAL og mun funda þrisvar til fjórum sinnum á ári eða eftir þörfum. Auk þess er áætlað að stofnaðir verði nokkrir vinnuhópar í kringum ný verkefni í kjölfar þeirrar vinnu sem fram undan er á vegum nefndarinnar.

*Nordic CIO-Forum.*

Í nokkur ár hefur verið starfandi óformlegur hópur um stafræn málefni undir heitinu Nordic CIO-Forum. Í honum situr einn fulltrúi frá hverju landi og að jafnaði sá aðili sem ber ábyrgð á stefnumótun upplýsingatæknimála í sínu landi. Hópurinn skiptist á upplýsingum um rafræn málefni og hjálpast að við úrlausn sameiginlegra og svipaðra verkefna. Stofnaðir hafa verið

vinnuhópar um framkvæmd verkefna sem lúta að rafrænum pósti, rafrænni auðkenningu og rafrænum innkaupum. Ísland tekur þátt í starfi allra þessara vinnuhópa.

## Umhverfismál

Norrænu umhverfisráðherrarnir halda að jafnaði tvo fundi árlega en að auki halda þeir sérstaka fundi bæði formlega og óformlega þar sem þeir eru saman á ýmsum alþjóðlegum fundum, svo sem samningafundum um loftslagsmál. Á árinu 2017 hafa ráðherrarnir unnið að mörgum mismunandi málum sem snerta Norðurlönd og alþjóðasamfélagið í heild.

### *Loftslagsmál.*

Loftslagsmál voru í brennidepli og á fundi sínum í maí samþykktu norrænu umhverfisráðherrarnir m.a. sérstaka yfirlýsingu um vilja og metnað Norðurlanda til að vera áfram leiðandi í loftslagsmálum. Fundir ráðherranna á árinu snerust m.a. um samkeppnishæfni Norðurlanda í græna hagkerfinu með sérstakri áherslu á samgöngur og loftslagsmál. Ráðherrarnir ákváðu að láta taka saman yfirlit yfir stöðu og styrkleika Norðurlanda hvað varðar umskipti til vistvænna eldsneytis í samgöngum. Þar er að finna greiningu á stöðunni í hverju landi og tillögur um samstarf. Í því sambandi er undirstrikað mikilvægi þess að miðla þekkingu milli norrænna háskóla og annarra rannsóknarstofnana, svo og til fyrirtækja og stjórnvalda á öllum stigum. Lögð er áhersla á stuðning við mismunandi tæknilausnir og að almennir staðlar verði tryggðir.

Einnig sendu ráðherrarnir bréf til framkvæmdastjórnar ESB með hvatningu um að auknar kröfur verði gerðar til framleiðenda þungaflutningaökutækja sem stuðli að því að dregið verði úr losungróðurhúsalofttegunda. Þá var efnt til ráðstefnu í Brussel þar sem norrænar lausnir í samgöngum voru kynntar. Forstjórar norrænu rannsóknar- og nýsköpunarmiðstöðvanna tóku þátt í fundi ráðherranna í nóvember og beindust umræður m.a. að því að styrkja samkeppnishæfni Norðurlanda á sviði vistvænnar orku, fyrst og fremst í samgöngum. Meðal annars voru ræddar hugmyndir um að mynda norræna klasa um nýjar lausnir í samgöngum. Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni var falið að fylgja málinu eftir.

### *Skýrslan „The Nordic Green to Scale“.*

Vinnuhópur ráðherranna um loftslagsmál og loftgæði gaf skýrsluna „The Nordic Green to Scale“ út og vakti hún mikla athygli og var kynnt sérstaklega í öllum höfuðborgum Norðurlandanna og í Brussel. Í skýrslunni eru skoðuð 15 dæmi um lausnir á sviði loftslagsmála sem Norðurlöndin hafa þróað og sem allar hafa sannað ágæti sitt. Í skýrslunni er sýnt fram á að með því að yfirfæra þessar 15 lausnir í stærra samhengi mætti minnka losun koldíoxíðs á heimsvísu um 4,1 gíгатonn fyrir árið 2030 en þetta samsvarar árlegri heildarlosun aðildarríkja ESB um þessar mundir.

Hvað Ísland varðar er jarðhitinn tekinn sem dæmi um sérlega árangursríka lausn og endurheimt gróðurs og vistkerfa er einnig nefnd. Nettókostnaður við að innleiða allar fimmtán lausnirnar fyrir árið 2030 er talinn nema um 13 milljörðum dollara en það er sama upphæð og varið er til niðurgreiðslu jarðefnaeldsneytis í níu daga. Þessar kostnaðartölur fela ekki í sér annan ávinning sem reiknað er með að hljótist af aðgerðum sem þessum, svo sem bættu heilsu fólks og þjónustu vistkerfa. Því má ljóst vera að þær lausnir sem þarna er fjallað um myndu skila umtalsverðum árangri. Skýrslan og niðurstöður hennar vöktu mikla athygli fjölmiðla hér

á landi og hefur sjaldan og jafnvel aldrei verið fjallað jafn mikið um eitt einstakt verkefni í norrænu samstarfi.

#### *Norræn áætlun gegn plastmengun.*

Á fundi sínum í maí samþykktu norrænu umhverfisráðherrarnir norræna áætlun gegn plastmengun. Markmiðið með áætluninni er að draga úr umhverfisáhrifum plasts, m.a. með því að auka þekkingu, leggja drög að aðgerðum og stuðla að samlegðaráhrifum, samstarfsnetum og vitundarvakningu á Norðurlöndum. Áætlunin mun styðja Norðurlönd í viðleitni þeirra til að fyrirbyggja myndun plastúrgangs, auka endurnotkun og endurvinnslu á plasti, greiða fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis og halda plastúrgangi og plastögnum í umhverfi sjávar í lágmarki.

Á fundinum ýttu norrænu umhverfisráðherrarnir jafnframt úr vör norrænu átaki við að hreinsa strendur í samvinnu við náttúruverndarsamtök í löndunum. Á Íslandi stóð Landvernd fyrir strandhreinsun sem bar yfirskriftina „Hreinsum Ísland“. Hinn 6. maí 2017 fór fram skipuleg hreinsun á þremur stöðum á Snæfellsnesi. Þrjú hundruð manns mættu og allt rusl sem fannst, rúmlega þrjú tonn, var flokkað og komið í viðeigandi farvegi. Félagasamtök og einstaklingar um allt land fylgdu í kjölfarið og fór hreinsun fram víðs vegar á ströndum landsins.

#### *Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið.*

Innan vébanda Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) hefur verið unnið mikið frumkvöðlastarf á sviði loftslagsmála en sjóðurinn hefur lánað til verkefna á þessu sviði í rúman aldarfjórðung. NEFCO var í raun á undan umræðunni um loftslagsmál og mikilvægi þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og skipta því út fyrir endurnýjanlega orku. Síðan hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum bæði hvað varðar endurnýjanlega orku og önnur verkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarra mengandi efna á starfssvæði NEFCO í Austur-Evrópu. Um þessar mundir eru flest verkefni í Úkraínu, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi en aukin eftirspurn er eftir þátttöku NEFCO í verkefnum, m.a. í Georgíu, Armeníu og Moldóvu. Verkefni eru unnin ýmist í samstarfi við norræn fyrirtæki eða stjórnvöld. Fyrsta skilyrði NEFCO fyrir þátttöku er alltaf að viðkomandi verkefni dragi úr álagi á umhverfið.

Í lok 2017 var skrifað undir samning við stjórnvöld í Úkraínu um lán sem varið verður til að auka orkunýtni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sjö háskólum í Úkraínu. Markmiðið er jafnframt að bæta aðstæður stúdenta og starfsfólks viðkomandi skóla og draga úr kostnaði við upphitun. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki sex ár og að það kosti um 160 milljónir evra. Evrópski fjárfestingabankinn veitir stærsta lánið en jafnframt kemur fjárstuðningur frá áætlun ESB um bættu orkunýtni í löndum Austur-Evrópu. Verkefni sem þetta er mjög í anda yfirlýsingar norrænu utanríkisráðherranna sem samþykkt var á árinu 2014 og bar yfirskriftina „Nordic energy efficiency and humanitarian support initiative in eastern and southern Ukraine“.

Á árinu 2017 hefur stjórn NEFCO fjallað um ákvörðun norrænu umhverfisráðherranna frá árinu 2016 um að breyta samþykktum félagsins í þá veru að útvíkka starfssvæði NEFCO. Breytingarnar fela í sér að í ákveðnum tilvikum sé mögulegt að fjármagna verkefni utan Austur-Evrópu. Gert er ráð fyrir að fyrstu umsóknir um verkefni sem falla að þessari samþykkt verði til umfjöllunar og afgreiðslu á fyrri hluta árs 2018. Umsóknum til NEFCO hefur farið fjölgandi á síðari árum, ekki síst vegna verkefna í Úkraínu. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa samtals greitt um 113 milljónir evra í sjóðinn eftir þeirri skiptireglu sem gildir um greiðslur í

sameiginlega starfsemi (Ísland rúmlega 1%) og stendur höfuðstóllinn óhreyfður. Ársskýrslur NEFCO eru gefnar út í kjölfar ársfunda sjóðsins sem fram fara í mars á ári hverju.

## Menntamál og rannsóknir

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) hélt tvo fundi, þann fyrri í Osló í maí og þann síðari í Kaupmannahöfn í nóvember. Á báðum fundunum fóru fram ítarlegar umræður ráðherranna og ákvarðanir voru teknar um stefnumótun á verkswiði nefndarinnar.

*Hlutverk menntakerfisins á tímum aukinna andstæðna í skoðanamyndun og öfgahyggju.*

Á fundi ráðherranefndarinnar í maí voru lagðar fram upplýsingar og greiningar um mál-efnið og reifað hvað leik-, grunn- og framhaldsskólar geti lagt af mörkum til samfélags án aðgreiningar og hvaða hlutverki gagnrýnin hugsun gegni í skólasterfinu. Þessar áherslur falla vel að þeirri vinnu sem nú fer fram í kjölfar úttektar á menntun án aðgreiningar hér á landi. Unnið er að framkvæmdaáætlun og munu megináherslur ráðherranna endurspeglast í norrænu samstarfi næstu ár.

*Gæði háskólamenntunar í ljósi breyttra þarfa atvinnulífs og alþjóðlegrar samkeppnishæfni.*

Á framangreindum fundi var einnig rætt um málefni háskólastigsins, m.a. á grundvelli framsögu frá fulltrúum norrænna háskóla. Samstaða var um að gæði háskólastarfs væru forsenda verðmætasköpunar, nýsköpunar og þróunar. Háskólastarf á Norðurlöndum einkennist af rannsóknartengdri menntun í samstarfi við atvinnulíf. Norrænn vinnuhópur hefur verið starfandi um gæði háskólastarfs og á vegum hans hafa háskólar frá öllum Norðurlöndum tekið þátt í samráði og þróunarvinnu auk þess að eiga með sér beint samstarf á þessu sviði. Jafnframt starfa gæðaráð háskóla í öllum löndunum saman að þróun gæðamála.

*Framtíðaráherslur í norrænu samstarfi um menntamál.*

Á haustfundi ráðherranefndarinnar var fjallað um greinargerð sem unnin hafði verið fyrir ráðherrana og fól í sér ítarlega greiningu og margþættar tillögur um norrænt samstarf á sviði menntamála til framtíðar. Sjónarmiðum ráðherranna og niðurstöðum af umræðum verður fylgt eftir árið 2018 og í formennskutíð Íslands árið 2019. Hefur embættismannanefndin um menntamál og vísindi samþykkt ítarlega framkvæmdaáætlun um þetta. Megináherslur sem fylgt verður eftir eru eftirfarandi. 1) Leitað verði samstarfs við ráðherranefndina um atvinnu- mál um framkvæmdaáætlun sem styrkir sameiginlegan mennta- og vinnumarkað á Norðurlöndum. 2) Gerð verði þarfagreining á sameiginlegum tölfræðigrunni um norræn menntamál. 3) Leitað verði leiða til að styrkja ímynd norræns mennta- og vísindasamstarfs út á við. Efling samstarfs og verkaskipting milli norrænna menntastofnana. 4) Að láta kanna mögulega samvinnu um rafrænt námsframboð með áherslu á betri nýtingu þess samstarfs sem fyrir er. 5) Þróun tungumálasamstarfs með áherslu á norræna sjálfsmynd og félagsmótun. 6) Unnið verði áfram að endurbótum á framkvæmd og umhverfi norræns samstarfs um menntamál með vísan til skýrslunnar „Nyt Norden“.

*Svar við beiðni Norðurlandaráðs um greinargerð vegna norræna vísindasamstarfsins.*

Að beiðni Norðurlandaráðs vann skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar greinargerð um norræna vísindasamstarfið. Hún var kynnt fyrir mennta- og menningarmálanefnd Norðurlandaráðs og henni fylgt úr hlaði á þingfundi þess 2017 þar sem gerður var góður rómur að henni. Greinargerðin var til umræðu á ráðherrafundinum í Kaupmannahöfn og var meginniðurstaðan sú að ráðherrarnir vilja leggja aukna áherslu á beint norrænt samstarf milli vísindamanna á Norðurlöndum. Sérstaklega verði litið til rannsóknarmenntunar, hreyfanleika og samstarfsneti fyrir unga vísindamenn. Með þessu verði tryggður grunnur norræns samstarfs til framtíðar. Svíar munu á sínu formennskuári 2018 útfæra niðurstöðurnar í samráði við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Auk þess sem að framan greinir var lagt til að bein framlög til fjögurra norrænna stofnana í fjórum löndum verði felld niður í áföngum á næstu árum og fjármunirnir fluttir yfir í samkeppnissjóði fyrir norræn rannsóknarverkefni. Frá þessum áformum var greint í skýrslu samstarfsráðherra til Alþingis fyrir árið 2016. Beinar fjárveitingar til stofnananna verða í framtíðinni í höndum þeirra landa þar sem þær eru nú staðsettar. Ákvörðun um þessa meginreglu var tekin af norrænu mennta- og vísindaráðherrunum árið 2013. Meginrökin fyrir þessum breytingum hafa verið að óheppilegt sé að binda stóran hluta af norrænum rannsóknarfjárframlögum við fjórar sérhæfðar stofnanir, óháð vísindalegu mati á þörfinni í heildarsamhengi. Samstaða hefur verið um þá megin stefnu að ráðstöfun fjár eigi að byggja á þörfum hvers tíma og vera í takt við þær áherslur sem eiga sér stað í löndunum hverju sinni. Samfélagslegar og efnahagslegar breytingar og þróun í löndunum kalla á forgangsriðun í vísindasamstarfinu sem endurspeglast í rannsóknarstefnu hjá vísindanefndum hvers lands. Þetta á síðan að skila sér í forgangsriðun í norræna rannsóknarsamstarfinu og ráðstöfun fjár á þeim vettvangi.

*Samráðsfundur ráðherranna með umsýsluáðilum rannsóknarsjóða og samtökum norrænna háskóla.*

Í tengslum við haustfundinn buðu ráðherrarnir umsýsluáðilum rannsóknarsjóða og fulltrúum samtaka norrænna háskóla til sérstaks umræðufundar um norrænt vísindasamstarf. Fram fóru ítarlegar umræður ráðherranna og gesta þar sem lögð var áhersla á mikilvægi norræns rannsóknarsamstarfs almennt og að umsýsluáðilar rannsóknarsjóðanna taki aukinn þátt í áætlanagerð í samstarfi við Norræna rannsóknarráðið (NordForsk).

*Almenn þátttaka í samstarfinu.*

Auk þeirra stefnumótandi umræðna og ákvarðana um eftirfylgni sem ráðherrarnir hafa tekið og nefnd eru hér að framan hefur þátttaka Íslands í norrænu samstarfi á sviði menntamála og vísinda, í verkefnum, vinnuhópum og ráðstefnum, verið mjög umfangsmikil. Styrkveitingar til Íslendinga og íslenskra verkefna úr stóru sjóðunum á vegum norrænnar menntaáætlunar fyrir nemendaskipti og tengslanet (NORDPLUS) og NordForsk hafa numið mun hærri upphæðum en nemur framlögum Íslands í þá sjóði eins og reyndar hefur verið til margra ára.

## **Meningarmál**

Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) hélt að venju tvo fundi, þann fyrri í apríl í Longyearbyen á Svalbarða, og þann síðari í Helsinki í nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Á báðum fundunum fóru fram ítarlegar umræður ráðherranna og ákvarðanir

voru teknar um stefnumótun á verksviði nefndarinnar. Í tengslum við fyrri fundinn var haldinn sérstakur fundur um íþróttir og í tengslum við seinni fundinn var árlegur samráðsfundur ráðherranna og menntamálanefndar Norðurlandaráðs.

#### *Samstarf á sviði æskulýðsmála.*

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) leggur ríka áherslu á þátttöku ungs fólks í nefndum og verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar. Stofnað var norrænt tengslanet ungmennaráða um sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. NORDBUK styrkti verkefnið og var fyrsti fundur haldinn 4. maí. Fulltrúi Íslands var Svava Arnardóttir, landsforseti JCI á Íslandi. Næsti fundur tengslanetsins verður haldinn á Laugarvatni, 15. til 17. mars 2018 þar sem áhersla verður lögð á orkumál. Landssamband ungmennafélaga (LUF) mun halda utan um fundinn í samstarfi við fulltrúa Íslands í tengslanetinu. Niðurstöður þessa fundar verða m.a. nýttar á ráðstefnunni „ReGeneration 2030“ sem verður haldin á Álandseyjum 18.–20. ágúst 2018 og þar verða 10 þátttakendur frá Íslandi.

Samþykktu samstarfsráðherrarnir verkefnið „Generation 2030“ um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í september 2017. NORDBUK var boðið að tilnefna tvo ungmennafulltrúa í sérfræðingahóp verkefnisins og tilnefndu fulltrúar ráðuneyta í NORDBUK tvo fulltrúa frá hverju landi í samráði við heildarsamtök á sviði æskulýðsmála á Norðurlöndunum. Á grundvelli tilnefninga var fulltrúi frá Íslandi, Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir, valin ásamt fulltrúa frá Finnlandi.

Ísland tók einnig virkan þátt í formennskuverkefnum Noregs á æskulýðssviðinu. Meðal verkefna var ráðstefna um hatursorðræðu og óskað var eftir tilnefningu frá NORDBUK um þátttöku í pallborði. Sema Erla Serdar, verkefnastjóri Æskulýðsvettvangsins, tók þátt í ráðstefnunni fyrir Íslands hönd og í kjölfarið stóð Æskulýðsvettvangurinn fyrir samskonar ráðstefnu á Íslandi, m.a. með þátttöku frá sérfræðingum um hatursorðræðu í Noregi.

#### *Nordic Matters – norræn menningarhátíð í London.*

Norræn menning og listir voru í brennidepli hjá Southbank Centre í London allt árið 2017 en þar fór fram menningarhátíðin „Nordic Matters“. Sérstök áhersla var lögð á málefni barna og ungs fólks, jafnrétti kynjanna og sjálfbærni frá norrænu sjónarhorni og voru viðfangsefni fléttuð inn í allar lista- og menningarhátíðir Southbank Centre á árinu. Íslenskir listamenn voru áberandi á hátíðinni en meðal þátttakanda voru m.a. Sjón, Þórarinn Eldjárn, Birgitta Sif, Reykjavíkurdætur, Víkingur Ólafsson, Bjargey Ólafsdóttir og Kammerkór Suðurlands. Íslenski dansflokkurinn flutti verkið Förn eftir Ernu Ómarsdóttur, Ragnar Kjartansson, Gabrielu Friðriksdóttur, Matthew Barney og Valdimar Jóhannsson. Einnig voru flutt tónverk eftir Daniel Bjarnason og Önnu Þorvaldsdóttur tónskáld. Southbank Centre er stærsta menningarmiðstöð Bretlands og stendur hún við hinn líflega suðurbakka Thames-árinnar í miðborg London.

#### *Þáttur menningar í aðlögun flóttamanna.*

Í byrjun árs 2017 fékk Norska menningarráðið það verkefni að innleiða norræna formennskuverkefnið „Kulturen og frivillighetens rolle i inkludering og integrering“ og fékk til þess fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni og norska menningarmálaráðuneytinu. Ákveðið var að gefa verkefninu nýtt heiti, „Inkluderende kulturliv“, og stofnaður var vinnuhópur með fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum. Haldin var ráðstefna í Osló í mars til að kynna verkefnið og vekja athygli á því og verður haldin ráðstefna á Íslandi í maí 2018 sem ber yfirskriftina „Rætur og vængir“. Vinnuhópurinn er skipaður til loka



árs 2019 og verður unnið að ýmsum viðburðum, stofnaður styrkjaþottur og norrænt samráðs-net á vettvangi bókasafna og listastofnana sett á fót.

### *Menningarsamstarf á Norðurlóðum.*

Haldin var tveggja daga ráðstefna í Harstad í Norður-Noregi þar sem fjallað var um hugs-anlegt menningarsamstarf á norðurlóðum. Ráðstefnan „Arctic Arts Summit“ var vettvangur allra átta þátttökuríkja í Norðurheimskautsráðinu og var umræðuefnið menningarstarf og mögulegt samstarf á því sviði á norðurheimskautssvæðinu. Norðmenn skipulögðu ráðstefnuna sem var hluti af formennskuáætlun þeirra í Norrænu ráðherranefndinni. Aðalmarkmið Nor-rænu ráðherranefndarinnar á norðurheimskautssvæðinu er að tryggja sjálfbæra þróun og sjálf-bært atvinnulíf á svæðinu. Viðfangsefnið eru margvísleg og best er að leysa þau í sameiningu. Listir og menning eru mikilvæg auðlind fyrir þá sem búa á norðurheimskautssvæðinu. Ætlunin með ráðstefnunni var að vekja athygli á gildi lista og menningar og hvernig listir og menning gagnast í góðri og sjálfbærri þróun þessa heimshluta. Fyrri dagurinn var helgaður stefnumótun og framtíðarsýn, seinni dagurinn fór fram í málstofum með yfirskriftunum: Listir á norðurheimskautssvæðinu/norðurheimskautssvæðið í listum; þáttur menningar í þróun norð-ursins, menningarsamstarf á norðurheimskautssvæðinu, menningarrannsóknir og tölfræði. Fulltrúi Íslands flutti ávarp þar sem fjallað var um hvernig hægt væri að styrkja slíkt samstarf og mikilvægi þess að stofna ekki til nýs verklags heldur byggja á því sem fyrir er, t.d. norrænni samvinnu. Einnig var bent á möguleg samstarfssvið, t.d. menningarsamninga UNESCO og tungumálasamstarf. Meðal annars var nefnd ný verkáætlun á sviði máltækni fyrir íslensku 2018–2022. Áætlað er að halda reglulega slíkar ráðstefnur.

### *Norrænt tungumálasamstarf.*

Meginábyrgð á norræna tungumálasamstarfinu er hjá ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U) en ráðherranefnd um menningarmál (MR-K) ber ábyrgð að hluta. Menningaráætlunin „Volt – menningar- og tungumálaáætlun fyrir börn og ungmenni“ var hleypt af stokkunum í maí. Áætluninni er ætlað að vekja áhuga ungs fólks á tungumálum, menningu og listum á Norðurlöndum og er markhópur hennar börn og ungmenni allt að 25 ára aldri. Lögð er áhersla á virka þátttöku ungmenna. Norræn tungumálahátíð var haldin í Árósum í september og var dagskráin fjölbreytt.

### *Fjölmiðlar og kvikmyndamál.*

Fjölmiðlar hafa verið talsvert til umræðu á árinu með áherslu á fjármál, sjálfbærni og samfélagshlutverk þeirra. Skýrslurnar „Baráttan um auglýsingar“ (Kampen om reklamen) og „Den nordiske mediemodell og de globale aktører“ voru teknar til umfjöllunar á vettvangi ráðherranna og verður unnið áfram með niðurstöður þeirra. Á árlegum samráðsfundi ráðherranna með þingmönnum Norðurlandaráðs í nóvember var m.a. fjallað um tiltrú hins almenna borgara til fjölmiðla.

## **Félags- og heilbrigðismál**

Fundur norrænna félags- og heilbrigðisráðherra var haldinn í Osló í mars þar sem fjallað var meðal annars um Brexit. Einnig var umræða um lýðheilsu og áfengisstefnu á Norðurlöndum. Tilefni þeirrar umræðu var frumvarp sem lá fyrir Alþingi um að leyfa sölu áfengis í

matvöruverslunum. Einnig voru lyfjamál til umræðu. Þá ákvað ráðherranefndin að setja á fót vinnu við greiningu á samstarfi um félagsmál.

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar var meðal annars unnið að verkefnum í samvinnu við Eystrasaltslöndin og Norðvestur-Rússland á sviði velferðarmála. Auk embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) starfa fjölmargir starfshópar og ráð í umboði ráðherranefndarinnar. Þrír fundir voru haldnir á árinu í embættismannanefndinni. Samstarfið byggist á stefnu norrænu félags- og heilbrigðismálaráðherranna um félags- og heilbrigðismál frá 2013.

#### *Greining á samstarfinu um félagsmál.*

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar fól Árna Páli Árnasyni, fyrrum félags- og tryggingamálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra og formanni Samfylkingarinnar, að vinna markvissa greiningu og mótun á framtíðarsýn á sviði félagsmála í þeim tilgangi að þróa og styrkja norrænt samstarf á þessu sviði. Svipuð greining og mótun á framtíðarsýn var gerð á heilbrigðissviði árið 2014 undir stjórn Bo Könberg. Stefnt er að því að Árni Páll skili skýrslu með tillögum sínum fyrir 1. júlí 2018.

#### *Markvisst norrænt samstarf um heilbrigðismál.*

Áfram var unnið á grundvelli tillagna Bo Könberg frá árinu 2014 um framtíðarsýn í norrænu samstarfi um heilbrigðismál næstu 5–10 árin.

Tveir starfshópar eru að störfum um sýklalyfjaónæmi (Könberg-skýrslan, tillaga 1), enda mikil áhersla lögð á þetta málefni. Annars vegar er um að ræða hóp sem ætlað er að koma með tillögur til norrænna stjórnvalda um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi og hins vegar norrænan sérfræðingahóp um sýklalyf og sýklalyfjaónæmi sem er ætlað að fjalla um vísindalega nálgun á málefnum sýklalyfjaónæmis.

Notkun gagnagrunna við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Unnið er að formennskuverkefni undir forystu Norðmanna sem fjallar um að einfalda verklag í kringum rannsóknir á heilbrigðissviði og hvernig má nýta norræna gagnagrunna á heilbrigðissviði til rannsókna.

Á norrænum vettvangi um lýðheilsu (Könberg-skýrslan, tillögur 5 og 6) er unnið að fimm verkefnum. Tilgangurinn með þeim er meðal annars að kanna hvernig hægt sé að bæta geðheilsu ungmenna, kanna breyttar drykkjuvenjur og tengsl við löggjöf, skoða ólíkar áherslur og stefnur varðandi vímuefni, hvernig hægt er að venja sig af reykingum, um reyklausa staði, bragðefni í tóbaki og um samanburð á því hvernig Norðurlöndin vinna gegn heilsuójöfnuði. Áætlað er að verkefnum ljúki á árinu 2018.

Samnorrænir mælikvarðar til að meta notkun á rafrænum heilbrigðislausnum voru gefnir út af samstarfshópi á vettvangi rafrænna heilbrigðislausna (Könberg-skýrslan, tillaga 9). Þessir mælikvarðar eru samanburðarhæfir milli Norðurlandanna og hafa vakið alþjóðlega eftirtekt og hafa meðal annars fulltrúar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) og OECD sýnt áhuga á samstarfi með það í huga að útvíkka notkun mælikvarðanna en þeir hafa verið kynntir víða á ráðstefnum og vinnufundum. Nefna má að tölfræðileg úttekt á notkun á „Mínum síðum“ á Heilsuvera.is byggist meðal annars á útgáfu á samnorrænu mælikvörðunum.

Samstarf í lyfjamálum (Könberg-skýrslan, tillaga 12) fer einkum fram á tvennum vettvangi, auk samstarfs eftirlits- og heilbrigðisstofnana. Annars vegar er norrænn samráðsvettvangur í lyfjamálum sem fjallar um lyfjamarkaðsmál, m.a. hugsanlega samvinnu um innkaup og útboð á nýjum og kostnaðarsömum lyfjum, og hefur verið ákveðið að hefja vinnu við sameiginlegt útboð Danmerkur, Noregs og Íslands á lyfjum sem skortur hefur verið á að undanförnu, bæði til að tryggja birgðir á Norðurlöndum og til að móta ferli fyrir sameiginleg útboð

á kostnaðarsömum lyfjum. Hins vegar er vinnuhópur norrænu ráðherranefndarinnar um verðlag á lyfjum sem hóf störf í september og er honum ætlað að stuðla að norrænu samstarfi og upplýsingagjöf milli landanna, einkum að því er varðar verðlagningu og niðurgreiðslur.

*Samstarf um meðferð við mænuskaða og um mænuskaðarannsóknir.*

Ísland lagði fram tillögu um að kannað yrði hvort hægt væri að samkeyra gögn í norrænum gagnabönkum á heilbrigðissviði til að efla þekkingu á forvörnum og meðferð taugasjúkdóma og taugaskaða. Leitað var umsagnar NordForsk um tillöguna, sem taldi að væri fjármagn fyrir hendi mætti nýta norræna gagnagrunna í þessum tilgangi. Leitað verður til stjórnar NordForsk um leiðir til að auka aðgengi að fjármagni til slíkra rannsókna.

*Norrænt samstarf um viðbúnað í heilbrigðismálum.*

Starfsemin miðar að því að staðla og þróa samstarf Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð í heilbrigðismálum í tengslum við hamfarir. Stefnumarkandi áætlun til 10 ára um markmið og áherslur hópsins var samþykkt á fundi embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) í september þar sem meðal annars er tekið tillit til útvíkkaðs umboðs hópsins (Könberg-skýrslan, tillaga 11). Einnig var settur á laggirnar hópur um samvinnu landanna um lækningar á brunasjúklingum.

*Norrænt samstarf um almannatryggingar.*

Efst á baugi á árinu var umfjöllun um tillögu um breytingar á almannatryggingareglum ESB (og EES), sem birt var í desember 2016, og áhrif væntanlegra breytinga á framkvæmdina milli Norðurlandanna. Einnig var fjallað um útgöngu Bretlands úr ESB (og þar með EES) og áhrif þess á Norðurlöndin, sem og um samruna norrænu vefgáttarinnar um almannatryggingar Nordsoc og vefsíðunnar „Halló Norðurlönd“ og unnið áfram að námskeiði fyrir starfsfólk stofnana um almannatryggingaréttindi við för milli Norðurlandanna. Þá var fjallað um framkvæmd nýrra verklagsreglna embættismannanefndarinnar um stjórnsýsluhindranir frá október 2016, en áhersla er lögð á afnám stjórnsýsluhindrana í því skyni að auðvelda frjálsa för.

*Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks.*

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur starfað í núverandi mynd síðan árið 2013. Upphaflega var skipunartími þess fjögur ár en nýlega hefur Norræna ráðherranefndin endurnýjað umboð ráðsins til næstu fjögurra ára. Fundur var m.a. haldinn í Færeyjum í tengslum við samnorræna ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Bryt Tabu“, og fjallaði um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki og málefni sem snerta kynfrelsi þess frá ýmsum hliðum. Þetta efni er afar brýnt þar sem fatlað fólk verður oftast fyrir kynferðisofbeldi en aðrir og á erfiðara með að njóta kynfrelsis.

*Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna (Arjeplogsamningurinn).*

Unnið hefur verið áfram að endurskoðun samningsins á árinu á vettvangi embættismannanefndarinnar. Fastur starfshópur hefur einnig farið yfir reynslu af Evrópska gagnagrunninum (IMI), sem miðlar upplýsingum milli ESB landa um heilbrigðisstarfsfólk sem hefur verið svipt starfsleyfi eða orðið þannig á í starfi að talið er nauðsynlegt að önnur lönd séu upplýst um það af öryggisástæðum. Ísland og Noregur eru ekki enn orðnir aðilar að þessum gagnagrunni. Reynslan sýnir að ESB löndin fá þúsundir tilkynninga og fyrirspurna sem þau þurfa að vakta

sem kallar á mikla vinnu. Norðurlöndin sjálf senda mun færri tilkynningar frá sér. Norðurlöndin hafa verið með starfshóp um miðlun slíkra upplýsinga um eftirlitsúrræði en löggjöf landanna er mismunandi hvað þetta varðar og reglur um upplýsingamiðlun því ekki samræmdar. Gefin hefur verið út norræn handbók um löggiltar heilbrigðisstéttir til að auðvelda aðgang að upplýsingum um lög og reglur á Norðurlöndunum.

#### *Starf um stjórnsýsluhindranir.*

Áfram var fjallað um stjórnsýsluhindranir m.a. á vegum vinnuhóps um almannatryggingar, sem fylgist með framkvæmd Norðurlandasamningsins um almannatryggingar. Embættismannanefndin hefur fjallað um stjórnsýsluhindrun sem lýtur að fylgiseðlum með lyfjum. Í því máli leggur Ísland áherslu á að norrænni samstöðu verði náð um að Evrópureglum verði breytt þannig að heimilt verði að styðjast við rafræna fylgiseðla með lyfjum til að lækka verð og auka öryggi sjúklinga.

#### *Samningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.*

Nefnd um endurskoðun samningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu (Revisionarbetsgruppen), hefur unnið samkvæmt umboði frá embættismannanefndinni frá nóvember 2015. Meginviðfangsefni nefndarinnar hefur verið að fara ítarlega yfir tengsl samningsins við regluverk Evrópusambandsins, einkum hvað varðar mismunun á grundvelli þjóðernis. Tillögur að breytingum að samningnum hafa verið sendar embættismannanefndinni og eru þar til umfjöllunar. Nefndarstarfið um endurskoðun samningsins hefur verið í forgrunni þannig að fundur í nefnd um framkvæmd Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu var ekki haldinn á árinu.

#### *Norræn hagskýrslunefnd og norræn heilbrigðistölvæðinefnd.*

Frá og með árinu 2018 er stefnt að því að gögn um félags- og heilbrigðisupplýsingar á Norðurlöndunum verði birt með gagnvirkum hætti á nýju vefsvæði nefndanna. Ákveðið hefur verið að hætta útgáfu hinna árlegu rita nefndanna frá og með árinu 2018 samfara því sem nýr vefur verður tekinn í notkun. Gagnvirk birting á vef mun auðvelda aðgengi að tölulegum upplýsingum á sviði félags- og heilbrigðismála og auðvelda notkun á þeim. Meðal annarra verkefna á árinu voru vinna við norræna velferðarvísar (NOVI), þróun samanburðarhæfra velferðarvísa um áhrif fólksflutninga á norrænu velferðarþjóðfélögin, verkefni um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og norræn samvinna um gagnasöfnun og árangursviðmið um bráðalækningar utan sjúkrahúsa.

#### *Norræna velferðarmiðstöðin.*

Á starfsárinu bættust við verkefni á sviði lýðheilsu hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni. Þau varða m.a. málþing um kannabis og upplýsingaöflun um stefnur og strauða á Norðurlöndunum á sviði áfengismála. Verkefni um lífsgæði aldraðra verður tilbúið til kynningar í byrjun árs 2018. Vinna miðstöðvarinnar á sviði velferðartækni hefur vakið almenna athygli og er töluverð eftirspurn eftir svokallaðri „verkfærakistu“ sem unnin var undir heitinu „Connect“. Þar er að finna hagnýtar leiðbeiningar um hvernig hægt sé að vinna að innleiðingu velferðartækni á vettvangi sveitarfélaga.

#### *Norræna tannlækningastofnunin.*

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) er að hluta fjármögnuð af ráðherranefndinni. Stofnunin rannsakar gæði og öryggi efna sem notuð eru til tannlækninga á Norðurlöndunum.

Sérstakt átak var gert á árinu til að miðla enn betur upplýsingum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilbrigðisstarfsfólks og almennings, m.a. með vefryrilestrum og útgáfu mánaðarlegs rafræns fréttabréfs. Vísindamenn frá öllum Norðurlöndunum, m.a. Íslandi, hafa starfað við stofnunina í einn eða fleiri mánuði og unnið að rannsóknum sínum í samstarfi við sérfræðinga NIOM.

## Jafnréttismál

Norræna samstarfsáætlunin um jafnréttismál fyrir tímabilið 2015–2018 ber yfirskriftina „Saman í þágu jafnréttis – öflugri Norðurlönd“. Í samstarfsáætluninni eru tvö meginefni, annars vegar jafnrétti á opinberum vettvangi og hins vegar velferð og nýsköpun. Í áætluninni eru einnig tvö þverfagleg efni, sjálfbær þróun með áherslu á margbreytileika og virk þátttaka karla og drengja í jafnréttisstarfi. Þá skal stefnan um samþættingu jafnréttissjónarmiða koma til framkvæmda samhliða jafnréttisáætluninni.

### *Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna.*

Norrænu jafnréttismálaráðherrarnir tóku þátt í 61. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) í New York í mars 2017. Alls tóku 162 aðildarlönd þátt og af þeim sendu 89 lönd ráðherra en 3.900 fulltrúar frá félagasamtökum sóttu fundinn. Þema fundarins var „Efnahagsleg valdefling kvenna á breytilegum vinnumarkaði“ (Women’s economic empowerment in the changing world of work). Norrænu löndin hafa verið frumkvöðlar á þessu sviði og reynsla þeirra vakið mikla athygli á heimsvísu. Á Norðurlöndunum eru fleiri konur á vinnumarkaði og fleiri karlar sem taka fæðingarorlof en á nokkru öðru svæði í heiminum.

Á málstofu norrænu ráðherranna var rætt um stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og árangur af sértækum aðgerðum til að efla stöðu og hlut kvenna. Norrænu ráðherrarnir lögðu áherslu á að samkeppnishæfni Norðurlanda í alþjóðlegum samanburði byggðist ekki síst á mikilli atvinnuþátttöku kvenna og framlagi þeirra á vinnumarkaði. Það væri sameiginleg reynsla Norðurlandþjóða að kynjajafnrétti væri í senn drifkraftur og grundvöllur hagsældar og velferðar. Fundurinn var opinn, hann sóttu á annað hundrað manns og komust færri að en vildu. Á málstofu um jafnrétti á vinnumarkaði á vegum Íslands var fjallað um aðgerðir sem ætlað er að brúa kynjabilið á íslenskum vinnumarkaði, sérstaklega fedraorlof og lögfestingu ákvæða um aukinn hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja og stofnana, sem og áform ríkisstjórnarinnar um lögfestingu jafnlaunavottunar.

Íslensk stjórnvöld og landsnefnd UN Women á Íslandi stóðu að viðburði um kynningu á hugmynd um að búa til rými fyrir jafnréttisumræðu milli karla undir heitinu „Rakarastofa“. Hugmyndin var þróuð á Íslandi á vegum UN Women í samstarfi við utanríkisráðuneytið og hefur verið reynd víðs vegar í heiminum. Verkfærakistan er ætluð hverjum þeim sem vill hvetja karlmenn til að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og er leiðbeinandi um hvernig drengir og karlar gætu lagt sitt af mörkum til að styðja við hið mikilvæga starf sem nú þegar er unnið innan málaflokksins. Mikill áhugi var á kynningunni og þurftu margir frá að hverfa vegna plássleysis.

### *Ráðherranefnd um jafnréttismál.*

Á ráðherrafræðingum í Noregi var meginviðfangsefnið aðlögun kvenna af erlendum uppruna að vinnumarkaði og var kynnt samantekt sem unnin hefur verið fyrir Norrænu ráðherranefndina. Norrænu jafnréttismálaráðherrarnir eru á einu máli um að grípa þurfi til aðgerða til að auka atvinnuþátttöku kvenna úr hópi innflytjenda. Þátttaka á vinnumarkaði er lykillinn að því að konur úr hópi innflytjenda geti séð fyrir sér sjálfar og aðlagast samfélaginu. Þess vegna hefur þessi málaflokkur forgang í norrænu samstarfi.

### *Ráðstefnur og rannsóknarverkefni.*

Í samræmi við samstarfsáætlun í norrænu samstarfi um jafnréttismál lagði Noregur áherslu á umræður um jafnrétti á vinnumarkaði og var boðið til ráðstefnu um málefnið í Osló. Meðal umræðuefna voru leiðir til að styrkja stöðu kvenna í hópi innflytjenda á vinnumarkaði, fæðingum og leiðir til að koma á jafnrétti í stjórnunar- og valdastöðum atvinnulífsins. Þátttakendur voru fræðimenn, stjórnendur úr atvinnulífinu, fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og stjórnáráðgjafar. Norðmenn héldu einnig áfram starfi fyrri ára varðandi vinnu við að stuðla að góðum starfsháttum og lausnum til að vinda ofan af ofbeldismynstri í nánnum samböndum. Þetta gerðu þeir með því að efna til verkefnis um innleiðingu Istanbúlsáttaksins. Markmiðið með verkefninu er að kanna hvernig norrænu löndin haga innleiðingu á þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í Istanbúlsáttaknum. Verkefnið miðar að því að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi og varpa ljósi á þá vernd og stuðning sem þolendur ofbeldis fá.

Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjajafnrétti (NIKK) kortlagði lagalegan ramma Norðurlandanna um hatursorðræðu á netinu í samræmi við ákvörðun jafnréttismálaráðherra. Sérstök áhersla var lögð á að skoða kynbundinn hatursáróður, hótanir og ærumeiðingar og var niðurstöðum skilað á ráðstefnu í Stavanger. Ein niðurstæða kortlagningarinnar er sú að einstaklingar sem verða fyrir hatursorðræðu á netinu vegna kynferðis síns njóti ekki sömu réttarverndar og þolendur sem verða fyrir hatursorðræðu vegna hörundslitar, uppruna, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar. Á ráðstefnunni var kynntur fræðslubæklingur fyrir ungt fólk með leiðbeiningum um viðbrögð við hatursorðræðu.

Ísland tók að sér fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar að skipuleggja í október í samstarfi við UN Women „Rakarastofu“ í Kaupmannahöfn undir heitinu „Jafnrétti á heimilum og vinnustað, karlar og drengir virkjaðir í þágu jafnréttis kynjanna“. Um 200 stjórnendur fyrirtækja, stjórnáráðgjafar og fræðimenn komu saman á Rakarastofunni í Kaupmannahöfn til þess að skerpa röksemdafærslu, styrkja þekkingu og virkja karlmenn í baráttunni fyrir jafnrétti.

## **Vinumál**

Samstarfsáætlun um vinnumál fyrir tímabilið 2013–2017, undir heitinu „Sameiginlegar áskoranir og norrænt notagildi“, leggur áherslu á að vinna gegn atvinnuleysi ungs fólks og virkja þá sem hætt er við útilokun frá þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Undir norrænu ráðherranefndina um vinnumál (MR-A) heyrja, auk embættismannanefndarinnar, þrjár nefndir: Nefnd um vinnumarkað, nefnd um vinnurétt og nefnd um vinnuvernd.

Árið 2017 setti ráðherranefnd um vinnumál af stað þriggja ára rannsóknarverkefni undir heitinu „Future of Work“ sem ætlað er að kortleggja og greina helstu áskoranir og möguleika þeirra breytinga sem eru að verða og munu eiga sér stað á vinnumarkaðnum næstu 15–20 árin. Rannsóknarstofnunin Fafo í Noregi mun stýra þessu verkefni sem ætlað er að afla

aðgerðamiðaðrar þekkingar sem ákvörðunartökuaðilar í löndunum munu geta unnið eftir svo tryggja megi og viðhalda sjálfbærum, opnum og velferðardrífnum vinnumarkaði á Norðurlöndunum á tímum mikilla breytinga sem geta haft áhrif á réttindi og velferð íbúanna. Sjö háskólar og 25 rannsóknarhópar taka þátt í verkefninu. Niðurstöður þessa viðamikla verkefnis verða kynntar á ráðstefnu á Íslandi í maí 2019 og munu þær þjóna því hlutverki að vera norrænt framlag til umræðunnar á 100 ára afmæli Alþjóðavinnuáráðs (ILO) á því ári.

Á ráðherrafundi í nóvember var samþykkt ný samstarfsáætlun í vinnumálum 2018–2021. Í áætluninni eru tilgreindar nokkrar áskoranir í atvinnumálum og hvernig norrænt samstarf getur stuðlað að úrlausn þeirra. Á tímabili áætlunarinnar mun samstarfið í vinnumálum einkum beinast að eftirfarandi áherslum: 1. Auknu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafli og aukinnar þátttöku á vinnumarkaði, einkum hjá þeim hópum sem standa höllum fæti. 2. Eflingu góðs vinnuumhverfis bæði fyrir konur og karla, m.a. með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slys og útrýma óviðunandi vinnuáðstæðum. 3. Tryggingu góðs jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika auk þess að standa vörð um norræna vinnuáðstæðslíkanið sem byggist á samstarfi aðila vinnuáðstæðslisins. 4. Aukinni áherslu á jafnan aðgang og frjálst flæði á norrænum vinnuáðstæðslum.

Aðilum vinnuáðstæðslisins var boðið til fundarins en ráðherrafundurinn tók til sérstakrar umfjöllunar aðlögun innflytjenda að vinnuáðstæðslum. Einnig var rætt um málefni vinnuumhverfis í kjölfar framsögu fræðimanna um viðfangsefnið. Ráðherrarnir ákváðu að leggja aukna pólitíska áherslu á verkefni tengd vinnuumhverfi þar sem nauðsynlegt er talið að tryggja hámarksframleiðni á Norðurlöndunum ef viðhalda á velferðarsamfélögum.

#### *Vinnuáðstæðslur.*

Norræna vinnuáðstæðslisnefndin lagði höfuðáherslu á verkefni sem tengjast aðlögun flóttafólks og innflytjenda að norrænum vinnuáðstæðslum árið 2017. Þess utan lagði nefndin sitt af mörkum til að hefja þriggja ára verkefni sem ætlað er að kortleggja þær áskoranir og möguleika sem breytingar á vinnuáðstæðslum munu hafa í för með sér næstu 15–20 árin og getið er um í kaflanum um ráðherranefndina.

Verkefnin sem nefndin styrkti á árinu 2017 voru: Samanburðarrannsókn á árangri sérstaks aðlögunarúrræðis sem öllu flóttafólki í Svíþjóð, Danmörku og Noregi stendur til boða til að öðlast frekari möguleika á norrænum vinnuáðstæðslum. Við rannsóknina bætist einnig úttekt á áhrifum búsetuúrræða í löndunum til að dýpka niðurstöðurnar. Hér er um tveggja ára verkefni að ræða þar sem niðurstöður munu liggja fyrir á árinu 2019. Rannsókn á aðlögun kvenna í hópi innflytjenda að vinnuáðstæðslum á Norðurlöndunum. Í þeirri rannsókn er bæði horft til þess hverjar þarfir hópsins eru umfram almenna þátttakendur á vinnuáðstæðslum og hvaða úrræði það séu sem nýst hafa þessum konum best við aðlögun á þessu sviði. Niðurstöður munu liggja fyrir og verða kynntar á ráðstefnu í Stokkhólmi 13. apríl 2018.

Árið 2017 var lokið við skýrslu um hlutverk símenntunarstöðva og fullorðinsfræðsluáðila í aðlögun innflytjenda að vinnuáðstæðslum á Norðurlöndum.

#### *Vinnuréttur.*

Á fundum nefndar um vinnurétt var meðal annars farið yfir stöðuna á vinnuáðstæðslum hvers ríkis fyrir sig, m.a. hvað varðar atvinnuþátttöku og skráð atvinnuleysi og þá þróun sem átt hefur sér stað. Í því sambandi var til dæmis rætt um útsenda starfsmenn, starfsemi starfsmannaleigna, sem og svokallaða gerviverktöku á vinnuáðstæðslum ríkjanna.

Einnig var rætt um lögjöf ríkjanna á sviði vinnuréttar, svo sem nýlegar lagabreytingar og frumvörp sem ríkin hafa verið að vinna að. Í sumum tilvikum er þar um að ræða frumvörp í

tengslum við innleiðingu ríkjanna á efni tilskipana Evrópusambandsins sem tengjast vinnurétti. Þá var farið yfir nýlega dóma sem fallið hafa á sviði vinnuréttar hjá dómstólum ríkjanna, sem og hjá EFTA-dómstólum og Evrópudómstólum og rætt um þau áhrif sem dómarnir kunna að hafa á löggjöf einstakra ríkja. Jafnframt var farið yfir helstu atriðin í tengslum við störf ILO.

### *Vinnuvernd.*

Forgangsmál á sviði vinnuverndar tímabilið 2013–2017 var að efla öryggi, heilsu og velferð á vinnustað. Byggt á framangreindu lagði norræna vinnuverndarnefndin áherslur á eftirfarandi á árinu 2017: 1. Áframhaldandi stefnumörkun, þróun og eftirlit á sviði vinnuverndar og eftirlits. 2. Breytingar á vinnumarkaði – áhrif á vinnuumhverfi framtíðarinnar.

Haustið 2017 voru veittir styrkir til verkefna sem bera yfirskriftirnar:

- Atvinnulíf framtíðarinnar (Fremtidens arbejdsliv). Stór hluti þeirra fjármuna sem nefndin hefur til ráðstöfunar næstu árin fer til þessa umfangsmikla verkefnis.
- Norræna vinnueftirlitsráðstefnan sem haldin verður á Íslandi 7. og 8. maí 2018.
- Ný ráðningarform og vinnuskipulag meðal ungra starfsmanna. Áhrif á vinnuumhverfi (framhaldsstyrkur, verkefnislok 2018).
- Áhættustýrt eftirlit á Norðurlöndunum (framhaldsstyrkur, verkefnislok 2018).

Á árinu var á vegum vinnuverndarsamstarfsins haldin norræn ráðstefna í Ósló um þróun deiliahagkerfa og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn og aðila hans. Afurð ráðstefnunnar verður notuð í yfirlýsingu ILO um „Future of Work“. Einnig var unnið að verkefninu „Vinnuumhverfi og heilsa meðal innflytjenda“ – rýni á fyrirliggjandi þekkingu sem nefndin hafði veitt styrk til 2016.

Eftirfarandi skýrslur komu út á árinu 2017 og tók Ísland þátt í fyrstu tveimur verkefnum: 1. Mikilvægi vinnuumhverfis fyrir atvinnuþátttöku eldri starfsmanna. 2. Vinnuslys sjómanna – leiðir til forvarna. 3. Þróun menntunar fyrir samræmingaraðila í bygginga- og mannvirkjagerð.

Starfsemi Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) fór fram með hefðbundnu námskeiðahaldi en lögð er áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Námskeið á vegum NIVA eru haldin á öllum Norðurlöndunum og voru þrjú námskeið haldin hér á landi árið 2017.

## **Löggjafarsamstarf**

Samstarfið á dómsmálasviðinu var með hefðbundnum hætti árið 2017 undir formennsku Norðmanna. Haldnir voru þrjú embættismannafundir (EK-LAG) og einn ráðherrafundur. Á embættismannafundunum var að venju farið yfir helstu mál sem unnið er að á sviði dómsmálaráðuneytanna og þá löggjöf sem í vinnslu er í ráðuneytunum. Jafnframt var í tengslum við embættismannafund í maí haldinn sérstakur fundur um starfið í embættismannafundinni og hver væru áhersluatriðin í dómsmálasamvinnunni. Einnig var haldinn fundur í vinnuhópi um fjölskyldurétt sem kemur saman einu sinni á ári.

Fundur dómsmálaráðherranna (MR-LAG) var haldinn í Harstad í Noregi. Þar var rædd baráttan gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi, ærumeiðingar og rafrænt eftirlit með þeim sem dæmdir eru í nálgunarbann.



## Efnahags- og fjármálastefna

Norrænt samstarf á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála (MR-FINANS) er fyrst og fremst á pólitískum nótum. Fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda hittast einu sinni á ári og er megintilgangur fundanna að gefa þeim tækifæri til þess að ræða saman um málefni sem efst eru á baugi í hinni pólitísku umræðu hverju sinni.

Áhugi er fyrir því að takast á við önnur pólitísk verkefni, svo sem að standa fyrir samnorrænni upplýsingagjöf og umræðu um viðfangsefni stjórnmalanna sem leiða af fyrirhugaðri útgöngu Breta úr ESB.

Embættismannanefndin um efnahags- og fjármálastefnu (EK-FINANS) hefur, í samstarfi við embættismannanefndina um umhverfismál, styrkt starfsemi vinnuhóps um umhverfis- og efnahagsmál (MEG-gruppen). Hópurinn hefur staðið fyrir athugunum á efnahagslegum aðgerðum í umhverfismálum sem hafa nýst í skipulagi opinberrar stefnumótunar, t.d. í skattamálum.

Þá stendur embættismannanefndin fyrir útgáfu á raftímaritinu Nordic Economic Policy Review.

**Fylgiskjal I.****Uppbygging norræns samstarfs****Norrænt samstarf.**

*Norrænt samstarf* er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

*Norrænt samstarf* er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim á bekk meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

*Norræna ráðherranefndin* samanstendur af ellefu fagráðherranefndum. Samstarfsráðherrar sjá um samræmingu og bera ábyrgð á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir.

*Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM)*

Kristján Þór Júlíusson, þáverandi samstarfsráðherra.

Norræna samstarfsnefndin (NSK).

*Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)*

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug).

Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug).

Embættismannanefnd um matvæli (EK-FJLS/Levnedsmidler).

Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug).

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen).

*Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-NER)*

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra (atvinnu- og orkustefna).

Jón Gunnarsson, þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (byggðastefna).

Embættismannanefnd um atvinnustefnu (EK-NE/Næring).

Embættismannanefnd um orkustefnu (EK-NE/Energi).

Embættismannanefnd um byggðastefnu (EK-R).

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovation).

Norrænar orkurannsóknir (NEF).

Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio).

*Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-MK)*

Björt Ólafsdóttir, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra.  
Embættismannanefnd um umhverfismál (EK-MK).

*Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U)*

Kristján Þór Júlíusson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra.  
Embættismannanefnd um menntamál og rannsóknir (EK-U).  
Norræna rannsóknarráðið (NordForsk).

*Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)*

Kristján Þór Júlíusson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra.  
Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K).  
Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM).  
Norræna húsið í Reykjavík (NOREY).  
Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH).  
Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ).  
Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA).  
Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord).

*Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)*

Þorsteinn Víglundsson, þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra (félagsmál).  
Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra (heilbrigðismál).  
Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)  
Norræna velferðarmiðstöðin (NVC).

*Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM)*

Þorsteinn Víglundsson, þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra.  
Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM).

*Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)*

Þorsteinn Víglundsson, þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra.  
Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A).  
Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA).

*Ráðherranefnd um löggjafarsamstarf (MR-LAG)*

Sigríður Á. Andersen, þáverandi dómsmálaráðherra.  
Embættismannanefnd um löggjafarsamstarf (EK-LAG).

*Ráðherranefnd um efnahags- og fjármálastefnu (MR-FINANS)*

Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra.  
Embættismannanefnd um efnahags- og fjármálastefnu (EK-FINANS).

*Tímabundin ráðherranefnd um stafræna væðingu (MR-DIGITAL)*

Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra.  
Embættismannanefnd um stafræna væðingu (HNG-DIGITAL).

**Fylgiskjal II.****Skammstafanir**

NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NIKK	Nordisk information for kundskab om køn – Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði
NIVA	Nordisk institution for videreuddannelse indenfor arbejdsmiljøområdet – Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norrænt Atlantssamstarf
NordBio	Nordisk bioökonomi – Norræna lífhagkerfið
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomiteé – Norræn barna- og ungmennanefnd
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna erfðauðlindastofnunin
Nordisk Innovation	Nordisk Innovation – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordplus	Nordisk mobilitets- og netværksprogram for uddannelsesområdet – Norræn menntaáætlun fyrir nemendaskipti og tengslanet
Nordregio	Nordregio – Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir